

## GJALDSKRÁ

### Norðurorku hf. fyrir heitt vatn.

#### 1. gr.

Norðurorka hf. selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Norðurorku fyrir heitt vatn. Gjaldskráin gildir á öllu orkuveitusvæði Norðurorku. Á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast virðisaukaskattur og önnur gjöld samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

#### 2. gr.

Norðurorka takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það er heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

#### 3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða (allar veitur nema Ólafsfjörður og Reykjavæita):

#### A. Vatnsgjald.

Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns.  
Grunnverð kr. 95

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða ef vatnsmælir, húsveita eða annar búnaður bila þannig að mæling bregst, áætlað veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hafi áhleypling eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar hefst innheimta samkvæmt gjaldskrá.

#### B. Fastagjald.

Norðurorka ákveður mælisstærð fyrir hverja húsveitu. Greiða skal fast gjald sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fast gjald fyrir hvern mæli:

Mælir	Grunnverð kr./dag
15 mm	51,94
20 mm	111,33
25 mm	215,23
32 mm	415,62
40 mm	846,09
50 mm	1.632,80

#### C. Heimæðagjald. Aðalheimæðar (allar veitur nema Reykjavæita):

Þvermál inntaks	Grunnverð kr.
20 mm heimæð	296.168
25 mm heimæð	385.016
32 mm heimæð	519.772
40 mm heimæð	727.683
50 mm heimæð	1.055.137
65 mm heimæð	1.582.707
80 mm heimæð	2.450.168

Tengigrindargjald er kr. 43.889 og er ekki innifalið í heimæðagjaldi.

Ef heimlagngjald, þar með talið lengdargjald, stendur ekki undir kostnaði, s.s. í frágengnu hverfi, er heimæðagjald fyrir nýja eða stækkaða heimæð greitt samkvæmt kostnaðaráætlun eða raunkostnaði samkvæmt nánara samkomulagi við umsækjanda.

*Lengdargjald:*

1. Lengdargjald í dreifbýli er 3.844 kr./metri. Lengdargjald er greitt frá stofnlögn að tengistað heimæðar að frádregnum 20 metrum.
2. Lengdargjald í þéttbýli er 6.834 kr./metri. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 20 metra innan lóðarmarka.

Í sumarbústaði, frístundahús, vinnuskúra og þess háttar skal settur skápur á útvegg fyrir inntak heimlagngar samkvæmt nánari leiðbeiningum og skilmálum sem koma fram í heimlagngabæklingi.

Hafi áhleying eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar hefst innheimta samkvæmt gjaldskrá.

Grunnverð fyrir sumarhús, frístundahús og sambærileg hús er fast gjald og lágmarksgjald sem samsvara gjaldi fyrir 300 m<sup>3</sup> af heitu vatni. Þar sem gjald fyrir afnot af heitu vatni eru samkvæmt kílóvattsstundamælingu skal lágmarksgjaldið samsvara gjaldi fyrir 12.800 kílóvattstundir (kWh).

D. *Bráðabirgðaheimæðar:*

<i>Hitaveita</i>	<i>Grunnverð kr.</i>	<i>Lengdargjald kr./m</i>
20 mm	37.183	5.178
25 mm	37.183	5.178
32 mm	37.183	5.178

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra í heimæð til bráðabirgðatengingar. Ef bráðabirgðaheimæð verður síðar notuð sem aðalheimæð fyrir hús, greiðist ekkert lengdargjald.

Bráðabirgðaheimæðar skulu aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra.

4. gr.

*Ólafsfjörður.*

Fast gjald, tengigrind og heimæðagjald er innheimt samkvæmt almennri verðskrá Norðurorku.

Heitt vatn er selt eftir mínútulítrum og vatnsmælum.

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils kr. 1.312,91.

Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 57,86.

5. gr.

*Reykjaveita.*

Fast gjald og tengigrind er innheimt samkvæmt almennri verðskrá Norðurorku.

Heitt vatn er selt eftir vatnsmælum sem mæla jafnt rúmmetrafjölda sem og hitann á vatninu á inntaksstað (framrásarhita) og þar með er hægt að ákvarða kílóvattsstundagildi (kWh) þess vatns sem hver viðskiptavinur fær til afnota. Við ákvörðun kílóvattsstunda (kWh) er bakrásarhiti ákvarðaður með fast gildi 25°C.

Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 140,75 sé gjaldið samkvæmt rúmmetramælingu.

Vatnsgjald fyrir hverja kílóvattsstund (kWh) er kr. 3,15 sé gjaldið samkvæmt kílóvattsstundamælingu. Norðurorka hf. ákvarðar hvort gjald fyrir afnot af vatninu er samkvæmt rúmmetramælingu eða kílóvattsstundamælingu. Er við það miðað að meginreglan sé sú að greitt sé samkvæmt kílóvattsstundamælingu í Reykjaveitu.

*Heimæðagjald.**Grenivík:*

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm heimæð	403.826
25 mm heimæð	524.974
32 mm heimæð	708.714
40 mm heimæð	992.200
50 mm heimæð	1.438.531
65 mm heimæð	2.157.795

*Dreifbýli:*

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm heimæð	532.807
25 mm heimæð	692.620
32 mm heimæð	935.078
40 mm heimæð	1.309.108

## 6. gr.

Innheimtugjald er samkvæmt gjaldskrá Intrum.

	kr.
Lokunargjald	2.284
Mælaálestrargjald	1.599
Seðilgjald	161
Afgreiðslugjald á vinnutíma	3.568
Afgreiðslugjald utan vinnutíma	15.459

## 7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Norðurorku, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 159, 20. desember 2002 um stofnun hlutafélags um Norðurorku, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 1045, 23. desember 2009.

*Iðnaðarráðuneytinu, 14. desember 2010.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Inga Ósk Jónsdóttir.*